

Stjórnmalastefnur og hugmyndafræði íslenskra stjórnmálaflokka

- gagnvirk netkönnun -

Staðfesting um misserisverkefni

Í lok hvers misseris vinna nemendur Háskólans á Bifröst umfangsmikið misserisverkefni, í tengslum við aðila í atvinnulífinu til að hagnýta þá þekkingu og þjálfun sem þeir hafa öðlast í námi sínu. Misserisverkefni er sjálfstætt hópverkefni og ákveður hver nemenda hópur viðfangsefni sitt.

Misserisverkefni er unnið samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum og reglum og því er ætlað að standast kröfur Háskólans á Bifröst.

Háskólinn á Bifröst þakkar öllum þeim sem greiða götu nemenda við undirbúning og vinnslu verkefna og vonar að hvert verkefni sé skerfur til úrbóta og framþróunar fyrir alla þá sem málið varðar hverju sinni.

Kennarar Háskólans á Bifröst hafa fjallað um lokaverkefnið og metið það samkvæmt reglum deildanna.

Titill verkefnis:

Stjórnmalastefnur og hugmyndafræði íslenskra stjórnmalaflokka - Gagnvirk netkönnun -

Háskólinn á Bifröst, 11. desember, 2006.

Einkunn: _____

Deildarforseti

**Stjórnmalastefnur og hugmyndafræði íslenskra
stjórnmalaflokka**

- Gagnvirk netkönnun -

Misserishópur R

Brynhildur Björnsdóttir

Eva Reynisdóttir

Hlöðver Ingi Gunnarsson

Jón Ragnar Ragnarsson

Páll Ingi Kvaran

Pétur Fannberg Víglundsson



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Misserisverkefni haust 2006

Ágrip

Viðfangsefni þessarar skýrslu er samanburður á stefnumálum íslenskra stjórnmálaflokka ásamt gerð gagnvirkar netkönnunar. Við gerð skýrslunnar var einungis stuðst við stefnuskrár og ályktanir af flokksþingum. Flokkarnir voru staðsettir eftir hugmyndafræði og uppruna í flokkafjölskyldur Von Beyme. Að því loknu var útbúin gagnvirk netkönnun sem ætti að geta nýst óákveðnum kjósendum í alþingiskosningum næstkomandi vor. Stuðst var við svipaða könnun sem birt var á vefsíðu *Aftonbladet* í Svíþjóð vorið 2006, fyrir þingkosningar þar í landi.¹

Niðurstaða okkar varðandi greiningu og samanburð á stefnuskrám flokkanna var sú að þær eru oft misvísandi og óskýrar. Erfitt er fyrir hinn almenna kjósenda að fá heilsteypa mynd á stefnumálum flokkanna í gegnum þessar stefnuskrár og erfitt er að gera marktækan samanburð. Stefnuskrárnar eru misítarlegar og gefa misskýr svör. Einnig leggja flokkarnir áherslu á misjafna málaflokka sem gerir samanburð enn ulla.

¹ *Partikollen*: val 2006. <http://www.aftonbladet.se/val2006/partikollen/>. Síða sótt 11.11.06.

Yfirlýsing höfunda

„Við undirrituð höfum unnið misserisverkefni þetta í samvinnu og er framlag hvers og eins jafnmikið. Verkefni þetta er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu.“

11. desember 2006



Brynhildur Björnsdóttir

Eva Reynisdóttir

Hlöðver Ingi Gunnarsson

Jón Ragnar Ragnarsson

Páll Ingi Kvaran

Pétur Fannberg Víglundsson

1.0 Inngangur	7
3.0 Pólítísk hugmyndafræði og flokkafjölskyldur	8
3.1 Vinstri-hægri	8
3.2 Stjórn mála flokkar og flokkafjölskyldur Klaus von Beyme	10
3.2.1 Frjálslyndir flokkar	12
3.2.2 Íhaldsflokkar	12
3.2.3 Jafnaðarmannaflokkar	13
3.2.4 Kristilegir-demókrataflokkar	13
3.2.5 Kommúnistaflokkar og arftakar þeirra	14
3.2.6 Bændaflokkar	14
3.2.7 Flokkar landsvæða og þjóðarbrota	14
3.2.8 Róttækir hægri flokkar	15
3.2.9 Umhverfisflokkar	15
4.0 Íslenskir stjórn mála flokkar og hugmyndafræði þeirra	15
4.1 Framsóknarflokkurinn	16
4.2 Sjálfstæðisflokkurinn	17
4.3 Samfylkingin	18
4.4 Vinstri hreyfingin grænt framboð.	18
4.5 Frjálslyndi flokkurinn	19
4.6 Íslandshreyfingin	20
5.0 Gagnvirk netkönnun byggð á stefnuskrám íslenskra stjórn mála flokka	20
5.1 Spurningar úr völdum mála flokkum og rökstuðningur	24
5.1.1 Umhverfismál	24
5.1.2 Evrópusambandið	26
5.1.3 Varnir landsins	27
5.1.4 Einkavæðing	29
5.1.5 Menntakerfið	30
5.1.6 Kvótakerfið	32
5.1.7 Heilbrigðismál	33
5.1.8 Trúmál	35
5.1.9 Verslun með áfengi	36
5.1.10 Landbúnaður	37
5.1.11 Innflytjendamál	38
6.0 Niðurstöður	39
7.0 Lokaorð	41
8.0 Heimildaskrá	42

1.0 Inngangur

Í vor munu Íslendingar ganga til kjörklefa hver í sínu kjördæmi. Þar munu þeir velja á milli pólitískra aflu og þannig velja sér fulltrúa á Alþingi. Stefnuskrár stjórnmalaflokka eru eitt af þeirra opinberu tækjum til þess að kynna stefnu sína. Á landsfundum eru stefnur jafnan mótaðar og teknar eru ákvarðanir um áherslur. En geta kjósendur rýnt í þessar stefnuskrár og komist að því hvaða flokkur samsvari skoðunum þeirra best? Einnig stendur fólk misjafnlega vel að vígi hvað fræðilega kunnáttu á stjórnmálum varðar og hefur jafnframt fylgst misvel með þeim. Þetta eru ákveðnar hindranir sem kjósendur standa frammi fyrir og fannst okkur því tilefni til að skoða notagildi stefnuskrána betur ásamt því að reyna að sníða handhægt verkfæri fyrir kjósendur til þess að aðstoða þá við ákvarðanatöku.

Á Alþingi sitja nú fimm stjórnmálaflokkar en þeir eru eftirfarandi; Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstrihreyfing grænt framboð. Íslandshreyfingin er ekki á Alþingi enda nýtilkominn flokkur. Flokkarnir eru með ólíkan bakrunn og stefnumál. En hversu ólíkir eru þeir og hvernig er best að greina þá í sundur? Við gerð skýrslunnar komust höfundar að því að stefnumál flokkanna eru oft keimlík og af þeim sökum þótti okkur gagnlegt að setja þá í ákveðið sögulegt og hugmyndafræðilegt samhengi en allt þetta er mjög erfitt að sjá með því einu að skoða einungis stefnuskrárnar. Til að útskýra eðli flokkanna og hugmyndafræði þeirra var ákveðið að styðjast við flokkafjölskyldur Klaus von Beyme.² Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir flokkafjölskyldur von Beyme ásamt staðsetningu íslensku flokkana í fjölskyldurnar eftir uppruna, eðli og hugmyndafræði þeirra.

Tilgangurinn með því að bera saman stefnuskrár flokkanna var að athuga hvort hægt væri að greina áherslumun á stefnum þeirra og síðan að hanna gagnvirkt sjálfspróf. *Aftonbladet* birti svipað próf á vefsíðu sinni í þingkosningum í Svíþjóð vorið 2006 sem reyndist okkur gagnlegt þegar hafist var handa við vinnslu könnunarinnar.³ Skýrsluhöfundar ákváðu að takmarka sig aðeins við stefnuskrár og ályktanir flokksþinga og leita svara þar. Skýrslunni var ekki ætlað að leggja mat á hvernig flokkarnir hegða sér í raun og veru heldur aðeins að kanna yfirlýstar stefnur þeirra. Ekki er haldið utan um svör svarenda í könnuninni eða þau skráð niður.

² Á upprunalegu máli: *Familles Spirituelles*

³ Partikollen: val 2006. <http://www.aftonbladet.se/val2006/partikollen/> Síða sótt 11.11. 2006.

Prófinu er einungis ætlað að vera gagnlegt hjálpartæki fyrir kjósendur sem þeim býðst að taka sem sjálfspróf án þess að nokkur annar geti séð niðurstöður þess. Ljóst var frá byrjun að könnunin yrði aldrei endanleg eða tæmandi en var það þó markmið skýrsluhöfunda að hún gæti nýst sem ágætis hjálpartæki fyrir kjósendur.

2.0 Aðferðarfræði rannsóknarinnar

Rannsókn þessi er tvíþætt og felst hún annarsvegar í fræðilegum þætti og hinsvegar í gerð gagnvirkar netkönnunar. Í fræðilega hlutanum var stuðst við bækur, greinar, stefnuskrár stjórn málaflokkanna og ályktanir flokksþinga. Þegar búið var að greina hugmyndafræði flokkana og bera stefnumál þeirra saman, eins og þau koma fram í stefnuskrám, komu skýrsluhöfundar sér saman um að könnunin myndi samanstanda af 10 málaflokkum með eina spurningu í hverjum málaflokki. Innan ákveðinna málaflokka voru stefnumál flokkanna mjög lík og að sama skapi tóku sumir flokkar ekki afstöðu eða skýrðu óskýrt frá stefnu sinni í vissum málaflokkum. Ákveðið var að taka aðeins fyrir þá málaflokka þar sem tveir eða fleiri flokkar höfðu mismunandi skoðun. Málaflokkarnir sem urðu fyrir valinu voru eftirfarandi; umhverfismál, ESB, varnarmál, einkavæðing, menntamál, kvótakerfið, heilbrigðismál, trúmál, frjáls verslun með bjór og léttvín og tollar á landbúnaðarvörur. Þá eru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga með því að velja á milli valmöguleikanna; *mjög sammála, sammála, engin skoðun, ósammála eða mjög ósammála*. Að lokum fá þátttakendur niðurstöðu sem gefur þeim vísbendingu um hvaða flokkar standa þeim næst hvað varðar skoðanir þeirra á þessum málefnum. Einnig fá þátttakendur yfirlit yfir sögu og þá hugmyndafræði sem liggur að baki þeim flokki sem þátttakendur mælast með mestan stuðning við. Könnunin er skrifuð í tveimur forritunarmálum; notast var við PHP við útreikninga og samanburð á gildum en HTML við hönnun viðmóts.

3.0 Pólitísk hugmyndafræði og flokkafjölskyldur

3.1 *Vinstri-hægri*

Pólitíska hugmyndafræði er hægt að skilgreina sem hugmyndir, lífsskoðanir og kenningar sem einstaklingur eða hópur tileinkar sér til þess að gera grein fyrir því hvernig þeir telja að samfélagið ætti að vera og hvaða aðferðir séu bestar til að ná því

markmiði. Hún beinist m.a. að því hvernig fara skuli með vald og til hvaða þátta í samfélaginu valdið ætti að ná.⁴ Þegar verið er að skilgreina og flokka pólitíska hugmyndafræði er oft stuðst við vinstri-hægri línulegan kvarða. Þessi tilvísun í vinstri og hægri á rætur sínar að rekja til sætaskipunar franska þingsins eftir frönsku byltinguna 1789 en sú uppröðun hefur þó breyst í aldanna rás. Upphaflega voru það íhaldsamir þingmenn sem sátu til hægri en frjálslyndir umbótasinnar sátu til vinstri.⁵

Í dag merkir vinstri hluti kvarðans stuðning við félagslegan jöfnuð með endurdreifingu stjórnvalda á gæðum. Kommúnismi er staðsettur lengst til vinstri á þessum mælikvarða og kveður á um opinbert eignarhald nær allra eigna og dreifingu stjórnvalda á gæðum til borgara.⁶ Samkvæmt kenningum Marx er sósíalismi óumflýjanlegt millistig eða aðlögunartímabil kapítalísks samfélags yfir í kommúnískt. Lokastig kommúnismans kveður hins vegar á um afnám alls ríkisvalds og algera þjóðnýtingu eignaréttar. Í almennum skilningi er yfirleitt litið svo á að sósíalismi hafi víðari merkingu en kommúnismi og ekki eins róttæka.⁷

Ef við förum yfir í hinn enda línunnar, alla leið til hægri, er sú staðsetning oftast tengd við íhaldsstefnu⁸ eða frjálshyggju. Samkvæmt hægri hugmyndafræði er efnahagslífið betur í stakk búið ef það fær að stjórna sér sjálft án afskipta ríkisins. Ríkið á að leggja sem lægsta eða jafnvel enga skatta á fólk því að skattar eru samkvæmt þessari hugmyndafræði aðeins skerðing á frelsi þess. Róttækasta form þessarar hugmyndafræði er algjört frelsi markaðsins og afnám endurdreifingar gæða.⁹

⁴ Vísindavefurinn. 2000. Haukur Már Helgason og Þorsteinn Vilhjálmsson.

<http://visindavefur.hi.is/?id=536> Síða sótt 30.11.06

⁵ The Britannica Encyclopedia; Right. <http://www.britannica.com/ebc/article-9376930> Síða sótt 1.12.2006.

⁶ The Britannica Encyclopedia; Communism. <http://www.britannica.com/ebc/article-9361263?query=communism&ct=> Síða sótt 1.des.2006.

⁷ Vísindavefurinn. 2000. Ragnheiður Kristjánsdóttir. <http://visindavefur.hi.is/?id=730> Síða sótt 2.11.06.

⁸ Orðskýring: *Íhaldsstefna*: Erfitt að alhæfa um hugtakið þar sem það er mjög víðtækt. Þó má segja að íhaldsstefna í núverandi mynd megi rekja til Edmund Burke. Árið 1790 setti hann fram hugmyndir sínar um Frönsku byltinguna í ritinu *Reflections on the Revolution in France*. Hann lagði áherslu á hæga þróun fremur en snögg umskipti. Segja má að íhald vísi enn til þeirrar stefnu og að treysta fremur á reynsluvit kynslóðanna en skynsemi einstaklingsins. Einnig er hægt að segja að það sé einkennandi fyrir íhaldssinna að bera virðingu fyrir venjum og gömlum síðum fremur en nýjungagirni. Heimild: Vísindavefurinn. 2001. Hannes Hólmsteinn Gissurarson. <http://visindavefur.hi.is/?id=2004> Síða sótt 28.11.2006.

⁹ The Britannica Encyclopedia; Right. <http://www.britannica.com/ebc/article-9376930> Síða sótt 1.12.2006.

3.2 Stjórn mála flokkar og flokkafjölskyldur Klaus von Beyme

Fjöl margar tilraunir hafa verið gerðar til að skilgreina nákvæmlega hvað felst í hugtakinu stjórn mála flokkur. Í bók Alan Ware, *Political Parties and Party Systems* eru stjórn mála flokkar skilgreindir sem stofnanir sem (a) sækjast eftir áhrifum innan ríkisins, oft með því að sækjast eftir áhrifastöðum innan ríkisstjórnar og (b) samanstanda oftast af fleirum en einum hagsmunamálum innan samfélagsins og reyna því að sameina þá.¹⁰ Stjórn mála flokkar eru ólíkir öðrum samtökum að því leyti til að þeir bjóða sig fram í almennum kosningum og vilja komast til áhrifa.¹¹ Hlutverk stjórn mála flokka er mjög viðamikill þáttur í lýðræðis ríkjum. Þar skapast sameiginlegur vettvangur fyrir borgara sem aðhyllast svipaða pólitíska hugmyndafræði og hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Á þessum sameiginlega vettvangi eru ýmis málefni og hagsmunamál rædd og stefnumál sett þannig fram að sem flestir flokksmenn geti verið sammála um þau. Á þann hátt verður til breið sátt um tiltekin málefni og forystunni í flokknum veittur styrkur og bakland til að berjast fyrir þeim málefnum og hagsmunamálum sem þeir eru sammála um og hafa þannig áhrif á þróun samfélagsins. Verkefni stjórn mála flokkanna er einnig að velja fólk til forystu í stjórn mála ásamt því að bjóða almenning upp á valkosti til að velja fólk í lykilhlutverk samfélagsins. Stjórn mála flokkar gegna þannig lykilhlutverki í stofnunum eins og löggjafavaldi, framkvæmdavaldi og sveitarstjórnun.¹²

Stjórn mála flokkar sem eru í samkeppni við hvorn annan um áhrif og völd innan ríkisvaldsins mynda svokallað flokkakerfi.¹³ Þegar flokkakerfi tiltekins ríkis er skoðað og greint er nauðsynlegt að skoða vel hvern stjórn mála flokk út af fyrir sig, samkeppni á milli flokkana sem og samvinnu þeirra. Þegar við sundurgreinum einkenni mismunandi flokkakerfa eru nokkrir þættir sem vert er að skoða. Í fyrsta lagi að hve miklu leyti flokkarnir tengjast þjóðfélaginu, afstaða flokkana til lögmæti stjórnarfarsins, fjölda flokka og síðast en ekki síst hugmyndafræði þeirra.¹⁴

Hægt er að skoða eðli flokka og flokkakerfa út frá ýmsum skólum. Þrír skólar hafa verið áberandi í þessum fræðum og kallast þeir *félagsskólinn*, *samkeppnisskólinn* og *stofnanaskólinn*. Í grófum dráttum má segja að *félagsskólinn* skilgreini flokkakerfið út frá félagslegum aðstæðum og þá oftast stéttarmun sem var á þeim tíma

¹⁰ Ware, Alan. 2005. Bls.5.

¹¹ Vísindavefurinn. 2003. Hrafnkell Tjörvi Stefánsson. <http://visindavefur.hi.is/?id=3311>
Síða sótt 4.12.2006.

¹² Gunnar Helgi Kristinsson. 2006. Bls.85-86.

¹³ Wolinetz, Steven B. 2006. Bls.51.

¹⁴ Ware, Alan. 1996. Bls.149.

sem flokkarnir og flokkakerfið var að myndast.¹⁵ *Stofnanaskólinn* útskýrir eðli flokka og flokkakerfi aðallega út frá stofnunum og einblíndi þessi skóli í upphafi aðallega á kosningakerfið.¹⁶ Skólinn var síðan endurskoðaður þar sem dregið var úr þessari miklu áherslu á kosningakerfið og eins hafði skólanum yfirsést að stjórnámálamegnir gætu sjálfir borið ábyrgð á klotning innan flokka.¹⁷ *Samkeppnisskólinn* lítur svo á að flokkarnir leitist við að hámarka atkvæðafjölda sinn með því að aðlaga stefnur sínar að kröfum kjósenda og notast við línulegan kvarða til hægri og vinstri til að aðgreina eðli flokkanna.¹⁸ *Anthony Downs* er einna þekktastur fyrir þessa framsetningu þar sem hann ályktar að kjósendur hafi skoðanir á því hvaða stefnumál ríkisstjórn eigi að beita sér fyrir og að hægt sé að staðsetja þessar skoðanir á línulegan kvarða.¹⁹ Stofnanaskólinn er að vissu leyti sammála því að flokkar geti aðlagað stefnur sínar eftir skoðunum kjósenda en lítur samt á flokkana sem “fanga” sinnar eigin sögu og hefða. Flokkarnir eru þannig stofnun í eðli sínu sem breytist ekki svo auðveldlega. Stofnanaskólinn hafnar því þó ekki að hægt sé að skoða stjórnámálaflokka út frá línulega vinstri-hægri kvarðanum, en þessi nálgun lítur hins vegar ekki á flokka sem stofnanir sem aðlaga skoðanir sínar jafnóðum að kjósendum. Ennfremur þurfi að skoða hegðun þeirra út frá mun eldri og sögulegri þáttum og gildum sem hafa með uppruna flokkanna að gera.²⁰

Stjórnámálafræðingurinn *Klaus von Beyme* aðhyllist stofnanaskólann og gerði gagnlega greiningu á flokkum innan Evrópu, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Þar skiptir hann flokkunum í níu flokka og verður stuðst við þá greiningu í þessari skýrslu. Flokkarnir eru frjálslyndir flokkar, íhaldsflokkar, jafnaðarmannaflokkar, kristilegir-demókratar, kommúnistaflokkar, bændaflokkar, flokkar landsvæða og þjóðarbrota, róttækir hægri-flokkar og umhverfisflokkar. Von Beyme heldur því fram að þegar til lengri tíma sé litið hafi einungis stjórnámálaflokkar sem byggja starf sitt á sameiginlegri hugmyndafræði tekist að festa rætur í Evrópu.²¹ Samkvæmt flokkagreiningu hans eru flokkarnir hugmyndafræðilegar skipulagseiningar sem tilheyra sömu fjölskyldunni²² og gengur hann út frá því að þegar þessir flokkar hafi

¹⁵ Ware, Alan. 1996. Bls.185.

¹⁶ Ware, Alan. 1996. Bls.190.

¹⁷ Ware, Alan. 1996. Bls.196-198.

¹⁸ Ware, Alan. 1996. Bls.319.

¹⁹ Ware, Alan. 1996. Bls.18-21.

²⁰ Ware, Alan. 1996. Bls.22.

²¹ Von Beyme, Klaus. 1985. Bls.29.

²² Ath. Von Beyme kallaði þessar flokkafjölskyldur *Familles Spirituelles*

verið stofnaðir, hafi verið þörf á því að vernda ákveðna sameiginlega hagsmuni. Flokkarnir byggja því á líkri hugmyndafræði og sameiginlegum uppruna út frá sögulegu sjónarmiði. Það sem er einkennandi fyrir flokka hveðrar fjölskyldu er að þar eru flokkar með svipaðan bakgrunn sem starfa á svipuðum sviðum og leggja áherslu á svipuð málefni. Þessar fjölskyldur eru því hópar sem sameinast undir sömu grunnstefnu með það markmið að ná sem mestum völdum í ríkisstjórn, yfirleitt með því að bjóða sig fram til kosninga. Þannig hefur hver fjölskylda sína eigin hugmyndafræði. Hér á eftir verður gert grein fyrir þessum flokkafjölskyldum von Beymes. Í 4. kafla munum við svo leitast við að staðsetja íslensku stjórnsmálaflokkanna í þessar flokkafjölskyldur.

3.2.1 Frjálslyndir flokkar

Fyrstu frjálslyndu flokkarnir voru hópar sem fóru í stjórnsmál til að vernda hagsmuni sína gegn landeigendum sem stjórnðu ríkinu. Þessi tegund flokka varð til á 20.öldinni en í lok aldarinnar voru frjálslynd hugmyndafræði orðin áhrifamikil í myndun frjálslyndra lýðræðisríkja innan Evrópu. Frjálslyndir trúðu á skynsemi mannsins og vildu afnema höft ríkisins, sem voru sum hver frá miðöldum, á framleiðslu og viðskiptum vara. Lykilatriði hjá frjálslyndum var að takmarka afskipti ríkisins og aðalsins og aukning borgaralegra réttinda.²³ Í dag er enn sterk arfleifð hvað áherslu á aukin borgararéttindi og takmörkun ríkisafskipta varðar. Frjálslyndir flokkar eru enn talsmenn aukinnar einkavæðingar og oftast en ekki aðskilnaðar ríkis og kirkju. Frjálslyndir flokkar hafa þó lent í vandræðum með að höfða til kjósenda sem tilheyra millistéttinni og hafa misst breiðan hóp verkamannastéttar til jafnaðarmannaflokka.²⁴

3.2.2 Íhaldsflokkar

Íhaldsflokkar urðu upphaflega til sem mótsvar við frjálslyndum flokkum og vildu þeir ekki sömu breytingar á stjórnarháttum og frjálslyndir boðuðu. Þessir flokkar samanstóðu upphaflega af landeigendum og aðalstéttinni sem voru aðallega að vernda eigin hagsmuni ásamt því að vilja vernda valdalausna í pólitík, þá aðallega konur og fátæka, sem þeir héldu fram að yrðu fyrir skaða án afskipta ríkisins. Íhaldsflokkar hafa tekið miklum breytingum í aldanna rás og þurft að aðlaga hugmyndafræði sína talsvert að breyttri samfélagsmynd. Þeir stóðu til að mynda frammi fyrir miklum

²³ Von Beyme, Klaus. 1985. Bls.31-33.

²⁴ Ware, Alan. 1996. Bls. 29-31

vanda þegar flestir fullorðnir karlmenn máttu stunda verslun. Þeir höfðu upphaflega verið á móti því en nú var ekki lengur ljóst hvar þeir ættu að ná sér í kjósendur ef þeir héldu áfram sömu stefnu, þar sem vald landeigenda hafði dvínað í ljósi aukinna lýðréttinda voru nú af skornum skammti. Íhaldsemi náði ekki miklum stuðningi ein og sér í mörgum löndum og hafa íhaldsflokkar sameinast öðrum miðju og hægriflokkum í þeim löndum þar sem íhaldið hefur ekki fengið marga stuðningsmenn. Í þeim löndum sem stórir íhaldsflokkar fyrirfinnast hefur hugmyndafræði sem byggð er á því að vera á móti stórvægilegum breytingum þróast. Þeir hafa aðallega sóst eftir kjósendum úr miðstétt, lagt áherslu á þjóðarstolt og virðingu, sameiginleg tákni og samstöðu. Íhaldsflokkar hafa víðast hvar þurft að færa sig nær miðjunni til að halda í miðstéttar kjósendur sína. Íhaldsflokkar í dag eru jafnan breiðfylkingar ólíkra hægrisinnaðra einstaklinga sem vilja lítil ríkisafskipti í efnahagsmálum og taka afstöðu með frjálshyggju, séreign og atvinnufrelsi.²⁵

3.2.3 Jafnaðarmannaflokkar

Uppruna jafnaðarmannaflokka má rekja til hagsmunabaráttu verkalýðsstéttarinnar. Í byrjun var aðalstefna þeirra að tryggja pólitísk réttindi hins almenna borgara og að bæta kjör.²⁶ Þannig áttu þeir ýmislegt sameiginlegt með frjálshyggju en þó skárust leiðir þeirra algjörlega í málaflokkum eins og til dæmis afskiptum ríkisins til að bæta kjör verkalýðsins. Flestir flokkar í þessari fjölskyldu höfðu þannig yfirleitt, og hafa enn, sterk tengsl við verkalýðsfélög. Þessir flokkar eru í dag jafnan breiðfylkingar sameinaðra vinstriflokka með áherslu á jöfnuð, jafnrétti og velferðarsamfélag af einhverju tagi. Þessir flokkar vilja viðhalda ríkisstyrktri félagsaðstoð eða endurdreifingu gæða til að vernda þá sem minna mega sín og tryggja ákveðin grunnréttindi og gæði fyrir alla.²⁷

3.2.4 Kristilegir-demókrataflokkar

Þessir flokkar urðu valdamiklir í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld. Hugmyndafræði þeirra varð upprunalega til úr kaþólskum gildum ásamt því að vilja höfða til trúrækinna kjósenda. Þeir eru hvað íhaldssamastir í málaflokkum sem varða samfélagsleg og siðferðileg gildi, til að mynda samkynhneigð, fóstureyðingum o.s.frv.

²⁵ Ware, Alan. 1996. Bls.31-33.

²⁶ Von Beyme, Klaus. 1985. Bls.59-61.

²⁷ Ware, Alan. 1996. Bls. 33-35.

Þeir hafa þó þróað með sér skoðanir sem liggja á miðjunni á hinum línulega kvarða hvað opinbert eignarhald og afskipti ríkisins af hagkerfinu varðar.²⁸

3.2.5 Kommúnistaflokkar og arftakar þeirra

Þjóðverjinn Karl Marx var upphafsmaður þessarar hugmyndafræði. Kommúnisminn var áhrifamikill í fyrrum Sovétríkjunum og smitaði út frá sér til annarra landa. Sovéski kommúnistaflokkurinn (CPSU) sem stofnaður var 1917²⁹ reyndi eftir bestu getu að miðstýra öðrum kommúnistaflokkum í heiminum. Markmið flokkanna var m.a. að hið opinbera myndi sjá um allt eignarhald. Eftir hrun Sovétríkjanna hefur minna borið á flokkum sem aðhyllast kommúníska hugmyndafræði. Þó bar á flokkum sem breyttu einungis um nafn en héldu í hugmyndafræðina eða blönduðu fleiri hugmyndafræðum saman við kommúnismann.³⁰ Engu að síður hafa áhrif kommúnismans í Evrópu minnkað verulega eftir hrun Berlínarmúrsins 1989.

3.2.6 Bændaflokkar

Þessir flokkar spruttu yfirleitt upp úr efnahagslegum kreppum og óánægju íbúa dreifbýlis á 19. öld og byrjun 20. aldar. Von Beyme heldur því fram að þessir flokkar hafi aðallega þróast í smærri löndum þar sem var strjálbýlt og iðnvæðing gekk hægt fyrir sig. Bændaflokkarnir voru yfirleitt hægri sinnaðir varðandi hagkerfi og félagsleg mál. Sumir flokkanna áttu það til að renna saman við aðra hægriflokka í þeim tilgangi að höfða til bæði millistéttarfólks sem og þeirra sem stunduðu landbúnað.³¹

3.2.7 Flokkar landsvæða og þjóðarbrotá

Stjórn mála flokkar af þessu tagi eru oftast en ekki fulltrúar þeirra sem tala annað tungumál en meirihlutinn eða hafa annan menningalegan bakgrunn og hefðir. Einnig geta ólíkir efnahagslegir hagsmunir eftir landsvæðum haft áhrif. Þessir flokkar eru yfirleitt frekar hægri sinnaðir og eiga það til að höfða meira til borgarastéttarinnar frekar en verkamanna þó sumir þeirra séu fyrir miðju eða vinstra megin við miðjuna. Skiptingin er þó mismunandi og oft óljós til að hægt sé að draga endanlega ályktun af henni.³²

²⁸ Ware, Alan. 1996. 36-37

²⁹ Britannica Encyclopedia; Communist Party of the Soviet Union (CPSU). <http://www.britannica.com/ebc/article-9361269> . Síða sótt 5.12.2006.

³⁰ Ware, Alan. 1996. Bls. 37-38.

³¹ Ware, Alan. 1996. Bls. 38.

³² Ware, Alan. 1996. Bls. 39.

3.2.8 Róttækir hægriflokkar

Flokkar af þessu tagi eins og fasistaflokkar þróuðust víðsvegar um Evrópu á millistríðsárunum. Þessa hreyfingu má rekja til hræðslu við vaxandi vald verkalýðsstéttarinnar en fasistar vildu einræði og voru því á móti lýðræði.³³ Þeir studdu einkaframtakið.

Í dag eru til flokkar sem ala á sömu kynþáttafordómum og fasistaflokkarnir gerðu en teljast þó ekki til fasistaflokka. Þá eru einnig til hægri öfuga flokkar sem vilja takmarka ríkisvald, skattheimtu og félagskerfi. Það má því segja að þeir svipi til þeirra frjálslyndu í þeim efnum en ganga þó skrefinu lengra í afnámi ríkisafskipta.³⁴

3.2.9 Umhverfisflokkar

Þessir flokkar hafa þróast tiltölulega sjálfstætt og byggja ekki á einni ákveðinni hugmyndafræði. Von Beyme túlkaði umhverfisflokka sem flokka með víða hugmyndafræði, þ.e. færast til vinstri, hægri, eða miðju eftir málefnum. Flokkarnir eru staðsettir á miðjunni þegar kemur að afskiptum ríkisins, en eru aftur á móti frekar vinstri sinnaðir þegar velferðamál eru annars vegar. Þessir flokkar hneigjast oft til vinstri vegna þess að náttúruvernd hefur oft í för með sér talsverð ríkisafskipti.³⁵

4.0 Íslenskir stjórnmalaflokkar og hugmyndafræði þeirra

Íslenska flokkakerfinu hefur oft verið lýst sem fjórflokkakerfi en fram til 1999 má segja að aðeins fjórir flokkar hafi verið ráðandi með nokkrum undantekningum. Þetta voru Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn.³⁶ Á þessum tíma hafa þó verið stofnaðir flokkar í kringum sérhagsmuni, t.a.m. Kvinnalístinn 1983³⁷ og klofningsflokkar úr þessum hefðbundnu fjórflokkum. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru enn starfandi og segja má með einföldun að Samfylkingin sé arftaki Alþýðuflokksins sem stofnaður var 1916³⁸ og eins að Vinstri grænir séu framhald af Alþýðubandalaginu. Þeir flokkar sem lengst af hafa verið í ríkisstjórn eru Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur. Árið

³³ Britannica Encyclopedia; Fascism. <http://www.britannica.com/ebc/article-9364238> . Síða sótt 5.12.2006.

³⁴ Ware, Alan. 1996. Bls. 41.

³⁵ Alan Ware: Political parties and party systems; 43

³⁶ Gunnar Helgi Kristinsson. 2006. Bls. 101-102..

³⁷ Pettersson, Olof. 2005. Bls. 36.

³⁸ Pettersson, Olof. 2005. Bls. 36.

1998 var Frjálslyndi flokkurinn stofnaður af Sverri Hermannssyni og fylgismönnum hans. Flokkurinn mætti kalla óánægjuflokk þar sem hann hefur aðallega sótt fylgi sitt í frjálslynda kjósendur sem eru jafnframt á móti núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

4.1 Framsóknarflokkurinn

Framsóknarflokkurinn er sá flokkur sem hefur verið hvað lengst starfræktur en hann var stofnaður árið 1916.³⁹ Uppruna flokksins má rekja til þess er tveir flokkar runnu saman; Bændaflokkurinn og Flokkur óháðra bænda.⁴⁰ Flokkurinn var fyrst og fremst hagsmunaflokkur bænda og var aðallega skipaður af þeim. Tvær meginstoðir voru lengst af kjarninn í flokknum. Annarsvegar hagsmunahópur bænda og hinsvegar menn er tengdust vikublaðinu *Tímanum* sem hafði sterk tengsl við ungmennahreyfinguna og samvinnufélögin⁴¹. Hreyfingin vildi ekki að flokkurinn væri einskorðaður við það að vera hagsmunahópur bænda heldur ætti hann að hafa áhrif á fleiri þætti hins íslenska samfélags.⁴² Stjórnsmál á Íslandi, á þeim tíma sem Framsóknarflokkurinn var stofnaður, snérist fyrst og fremst um sjálfstæðismál⁴³ og var krafist algjör fullveldis í fyrstu stefnuskrá flokksins. Það sem Framsóknarflokkurinn vildi þó leggja hvað mestu áherslu á var efling landbúnaðar á Íslandi svo sem nýtingu vatnsafls og verslun sem byggði á samvinnuhreyfingunni.⁴⁴

Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum mest alla 20. öldina verið næst stærsti flokkurinn á þingi, á eftir Sjálfstæðisflokknum. Eftir mikla fólksfækkun í sveitum landsins hefur flokkurinn þurft að leita á önnur mið í leit eftir atkvæðum. Fylgi hans hefur aldrei verið mjög mikið í Reykjavík og sækir hann sitt mesta fylgi á landsbyggðina.⁴⁵ Framsóknarflokknum hefur jafnframt reynst auðvelt að mynda ríkistjórn með flestum flokkum. Hann hefur bæði getað starfað til vinstri og hægri. Þess vegna er ekki auðvelt að staðsetja hann á hinum línulega kvarða. Einn áhrifamesti formaður flokksins, Hermann Jónasson, sagði að.....,stefna flokksins væri hvorki til hægri né vinstri heldur beint áfram.”⁴⁶ Að skilgreina Framsóknarflokkinn

³⁹ Saga flokksins. Framsóknarflokkurinn. http://www.framsokn.is/um_flokkinn/saga_flokksins/. Síða sótt 1.12.2006.

⁴⁰ Helgi Skúli Kjartansson. 2002. Bls. 72.

⁴¹ Ath. Samvinnufélögin síðar nefnd *SÍS* (*Samband Íslenskra samvinnufélaga*).

⁴² Helgi Skúli Kjartansson. 2002. Bls. 125.

⁴³ Gunnar Helgi Kristinsson. 2006. Bls. 88.

⁴⁴ Bragi Guðmundsson. 2003. Bls.133-134.

⁴⁵ Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 96.

⁴⁶ Saga flokksins. Framsóknarflokkurinn. http://www.framsokn.is/um_flokkinn/saga_flokksins/. Síða sótt 1.12.2006.

sem bændaflokk væri ef til vill óviðeigandi í dag þar sem eðli flokksins hefur breyst. Hann hefur þurft að aðlaga sig að breyttri samfélagsskipan og hefur því færst nær *frjálslyndum og íhaldssömum* flokkum í seinni tíð.

4.2 Sjálfstæðisflokkurinn

Uppruna Sjálfstæðisflokksins má rekja til ársins 1929 þegar Frjálslyndi flokkurinn og Íhaldsflokkurinn runnu saman og var ákveðið að hinn nýi flokkur skyldi heita Sjálfstæðisflokkurinn. Í raun má segja að þarna hafa runnið saman borgaraleg öfl sem svipaði mikið til hvors annars, svo auðvelt reyndist að sameina flokkana. Fyrsti formaður þessa sameinaða flokks var Jón Þorláksson. Flokkurinn höfðaði til hinna borgaralegu aflu, svipað og aðrir hægri flokkar í Evrópu á þessum tíma. Það fyrsta sem flokkurinn lagði áherslu á var að þjóðin yrði tilbúið að taka við öllum sínum eigin málum í sjálfstæðisbaráttunni. Annað mál sem sett var á oddinn var að í innanríkismálum ætti að leggja áherslu á þjóðlega umbótastefnu sem byggðist á einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi með hagsmuni allra stétta að leiðarljósi.⁴⁷

Allt frá því að Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður hefur hann notið mests kjörfylgis á Íslandi. Flokkurinn hefur verið ötull talsmaður einstaklingsfrelsis og frjálsrar verslunar. Einnig hefur hann staðið vörð um hefðbundin gildi í samfélaginu og litið á fjölskylduna sem hornstein þess. Frjálshyggjan hefur einnig verið stór hluti af stefnu hans og þá kannski hefur hún átt frekar upp á pallborðið síðustu ár. Sem dæmi má nefna áherslu á einkavæðingu ríkisfyrirtækja.⁴⁸

Flokkurinn hefur allan þann tíma sem hann hefur verið til höfðað til stórs hluta þjóðarinnar og sker sig mjög úr að því leyti ef hann er skoðaður í samhengi við hin Norðurlöndin en þar hefur hægri vængnum verið skipt í minni flokka. Þó flokkurinn hafi viljað höfðað til allra stétta þá hefur hann sótt hvað sterkastan stuðning til valdafólks á landinu og má segja að fólk í áhrifastöðum bæði í atvinnulífi og landstjórn hafi tilhneigingu til að kjósa flokkinn. Það liggur nú ef til vill í eðli málsins, þar sem hann er fylgjandi frjálsum viðskiptum og takmörkuðum afskiptum ríkisins. Það sem gerir hann sérstakan hvað aðra hægri flokka á Norðurlöndum varðar er að honum hefur tekist að höfða til annarra hópa líka, þá aðallega bænda og verkafólks, sem útskýrir að einhverju leyti hið mikla fylgi sem flokkurinn hefur haft í gegnum

⁴⁷ Bragi Guðmundsson. 2003. Bls.215.

⁴⁸ Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 89.

tíðina.⁴⁹ Það mætti flokka Sjálfstæðisflokkinn undir *frjálslyndu- og íhaldsömu* flokkafjölskyldu von Beyme.

4.3 Samfylkingin

Samfylkingin varð til árið 1999 sem kosningabandalag Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Kvinnalistans.⁵⁰ Ísland sker sig úr hvað hin Norðurlöndin varðar á þann hátt að hér var enginn stór vinstriflokkur. Óeining á vinstri vængnum hérlendis hefur verið mikil og flokkunum hefur ekki tekist að komast til eins mikilla áhrifa og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn. Eftir að samsteypustjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins tók við árið 1995 fór af stað umræða um hvort hægt væri að sameina vinstri vænginn í einn flokk. Búið var að sameina þingflokk Alþýðuflokksins og Þjóðvaka en síðan var það rætt hjá Kvinnalista og Alþýðubandalagi og ákváðu þeir einnig að taka þátt í kosningabandalaginu sem hlaut nafnið Samfylkingin árið 1999 með Margréti Frímansdóttur sem talsmann. Síðan var flokkurinn formlega stofnaður árið 2000 og Össur Skarphéðinsson kosinn formaður.⁵¹

Samfylkingin fékk í sínum fyrstu kosningum 26,8% fylgi og 17 menn kjörna en það var besti árangur sem vinstriflokkur hafði náð hér á landi. Í næstu kosningum náði hún 31% og 20 menn kjörna og í fyrsta skipti frá seinni heimstyrjöld varð það mögulegt að stofna tveggja flokka ríkistjórn án þess að hafa Sjálfstæðisflokkinn með.⁵² Samfylkingin tilheyrir að öllum líkindum fjölskyldu *jafnaðarmannaflokka*.

4.4 Vinstri hreyfingin grænt framboð.

Vinstri hreyfingin grænt framboð er fylking fólks sem undi sér ekki í nýrri breiðfylkingu vinstrisinnaðra jafnaðarmanna, kosningabandalagi sem seinna varð að Samfylkingunni. Deilt hefur verið um hvort Vinstri hreyfingin grænt framboð sé arftaki Alþýðubandalagsins sem vinstri-sósíalistaflokkur eða jafnvel Kvinnalistans. Steingrímur J. Sigfússon, formaður hreyfingarinnar, hefur hins vegar hafnað því alfarið og vill meina að hreyfingin sé nýr flokkur sem stofnaður var frá grunni en ekki sem arftaki annarra flokka.⁵³ Flokkurinn er vinstrisinnaður og leggur áherslu á náttúruvernd, kvenréttindi, félagslegt réttlæti og sjálfstæða utanríkisstefnu. Hann er

⁴⁹ Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 92.

⁵⁰ Ólafur Stephensen. 2005. <http://www.norden.org/analysnorden/artikkel.asp?author=8&publish=23-02-2005&lang=is> . Síða sótt 4.12.2006.

⁵¹ Samfylkingin: Um flokkinn. <http://xs.is/Forsida/Umflokkinn/> . Síða sótt 1.12.06.

⁵² Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 102.

⁵³ Steingrímur J.Sigfússon. 2004. http://www.vg.is/default.asp?a_id=879 Síða sótt 4.12.2006.

lengra til vinstri en Samfylkingin og á margt sameiginlegt með græningjaflokkum í Evrópu varðandi umhverfismál.

Þegar verið var að ræða stofnun Samfylkingarinnar 1999 var nokkur óánægja á meðal sumra innan raða Kvennalists og Alþýðubandalagsins með að Samfylkingin væri of langt til hægri. Málefni sem höfðu verið ólík á milli Alþýðuflokks og Alþýðubandalags vörðuðu m.a. NATO og inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Því var ákveðið að stofna nýjan flokk sem væri vinstra megin við Samfylkinguna og leggja meiri áherslu á félags- og umhverfismál. Fyrsti formaður flokksins var Steingrímur J. Sigfússon og gegnir hann enn þeirri stöðu. Þegar flokkurinn bauð sig fyrst fram árið 1999 fékk hann 6 menn kjörna.⁵⁴ Vinstri hreyfingin grænt framboð fellur sennilega undir tvær flokkafjölskyldur; *umhverfislökka* og *kommúnistaflokka og arftaka þeirra*.

4.5 Frjálslyndi flokkurinn

Sverrir Hermannsson var maðurinn á bakvið stofnun Frjálslynda flokksins árið 1998 en hann hafði áður verið þingmaður og ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Í stefnuskrá Frjálslynda flokksins er meðal annars ritað að hann berjist af alefli gegn frjálshyggjunni til þess að sporna gegn ójöfnuði. Segja má að frjálslyndi flokkurinn hafi mikla sérstöðu í íslenskum stjórnmálum en hann hefur fyrst og fremst lagt áherslu á andstöðu sína við fiskveiðistjórnunarkerfið í núverandi mynd. Flokkurinn hefur því boðað róttækar breytingar í sjávarútvegsmálum og hefur tekið til sín fylgi með afgerandi stefnu í sambandi við fiskveiðistjórnunarkerfið. Forystumenn flokksins, Guðjón Kristjánsson og Magnús Þór Hafsteinsson, hafa starfað mikið í sjávarútvegsgeiranum og starfað ötullega að málefnum þess efnis.

Flokkurinn bauð sig fyrst fram árið 1999 og fékk þá tvo þingmenn inn. Flokkurinn hefur verið alltaf verið í stjórnarandstöðu. Í síðustu kosningum, 2003, náði hann að tvöfalda fjölda þingmanna sinn og fékk þá 4 menn kjörna.⁵⁵

Frjálslyndi flokkurinn staðsetur sig litlu hægra megin við miðju en erfitt er að segja hvort hann teljist til frjálslyndu fjölskyldunnar þar sem hann er jafnan í harðri andstöðu við aðra hægri- og miðflokka á þingi. Við munum þó flokka hann til

⁵⁴ Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 102.

⁵⁵ Gunnar Helgi Kristinsson 2006. Bls. 106.

frjálslyndu fjölskyldunnar, þar sem hann á mest sameiginlegt með þeirri fjölskyldu samkvæmt stefnuskrá.⁵⁶

4.6 Íslandshreyfingin

Íslandshreyfingin er ungur stjórn málaflokkur sem er að hefja göngu sína á vegi íslenskra stjórn mála. Hún varð til árið 2007 og var mynduð, að stærstum hluta, úr tveim hópum. Annar hópurinn voru þeir einstaklingar sem ekki undu sér innan Frjálslynda flokksins og hinn hópurinn voru þeir einstaklingar sem eru umhverfissinnaðir en fundu sér ekki stað á vinstri væng íslenskra stjórn mála. Íslandshreyfingin er mestmegnis leidd áfram af Margéti Sverrisdóttur (varaformaður) og Ómari Ragnarssyni (formaður). Ekki er fullkomlega hægt að staðsetja Íslandshreyfinguna á hefðbundunum vinstri/hægri skala en þó má áætla að hún sé nálægt miðju (oft er þó talað um hana sem hægri græna). Hún myndi að öllum líkindum skilgreinast sem *umhverfisflokkur* innan flokkafjölskyldu *Von Beyme*.

5.0 Gagnvirk netkönnun byggð á stefnuskrám íslenskra stjórn málaflokka

Ákveðið var að kanna afstöðu stjórn málaflokkanna til valinna málaflokka þar sem hægt var að greina skýran mun á stefnum þeirra. Í framhaldi af því var hönnuð gagnvirk netkönnun þar sem þátttakendur svara tíu spurningum úr þeim málaflokkum. Þegar þátttakandinn hefur lokið svörun leiðir það til sjálfvirkrar svörunar sem er ætlað að gefa til kynna í prósentum hversu mikil fylgni er á milli skoðana hans og stefnumálum íslenskra stjórn málaflokka í þeim málaflokkum.

Reynt var að taka fyrir málaflokka sem hafa verið í deiglu í þjóðfélagsumræðunni og töldum við þá umræðu, að einhverju leyti, endurspeglar mikilvægi viðkomandi málefna fyrir samfélagið. Telja má líklegt að afstaða flokkanna í þessum málum gæti haft áhrif á ákvarðanir kjósenda þegar kemur að kosningum. Þegar upp var staðið reyndist vera einna greinilegastur munur í eftirfarandi málaflokkum:

1. *Umhverfismál*
2. *Evrópusambandið*
3. *Varnir landsins*

⁵⁶ Frjálslyndi Flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=7>. Síða sótt 5.12.2006.

4. *Einkavæðing*
5. *Menntakerfið*
6. *Fiskveiðistjórnunarkerfið*
7. *Verslun með áfengi*
8. *Heilbrigðismál*
9. *Trúmál (aðskilnaður ríkis og kirkju)*
10. *Landbúnaður*
11. *Innflytjendamál*

Í hverjum málafllokki er fullyrðing sem þáttakandi er beðinn um að taka afstöðu til.

Svörin við öllum spurningunum eru á sama formi og eru svarmöguleikarnir:

1. *Mjög sammála*
2. *Frekar sammála*
3. *Engin skoðun*
4. *Frekar ósammála*
5. *Mjög ósammála*

Spurningar

Stóriðja er íslensku samfélagi til framdráttar.

Engin skoðun 

Ísland á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Engin skoðun 

Áframhaldandi samstarf við NATO er grundvöllur í varnar- og öryggismálum Íslands.

Mjög sammála
Sammála
Engin skoðun
Ósammála
Mjög ósammála


Áframhaldandi einkavæðing ríkisfyrirtækja er íslensku samfélagi til hagsbóta.

Engin skoðun 

Grunnám í ríkisreknum háskólum á að vera gjaldfrjálst.

Engin skoðun 


Taka þarf upp annað fiskveiðistjórnarkerfi á Íslandi.

Engin skoðun 

Einkavæðing er æskileg í heilbrigðisgeiranum.

Engin skoðun 


Aðskilnaður ríkis og kirkju yrði íslensku samfélagi til hagsbóta.

Engin skoðun 


Gefa á verslun með léttvín og bjór frjálsta.

Engin skoðun 

Afnema á innflutningshöft á landbúnaðarvörum.

Engin skoðun 

Takmarka á verulega innflutning verkafólks til Íslands.

Engin skoðun 

Taka próf

Mynd af könnuninni

Við gerð könnunarinnar var leitast við að túlka og greina stefnur stjórnmalaflokkanna á sem bestan hátt, greina mun á flokkunum og fá úr því sem skýrastar niðurstöður. Þetta var gert til þess að móta gagnvirku netkönnunina og gera hana sem marktækasta sem hjálpartæki fyrir komandi kosningar. Við gerð könnunarinnar komust undirritaðir ekki undan því að álykta um ýmis atriði við vinnslu á fullyrðingunum. Stefnuskrárnar eru misskýrar og oft var erfitt að álykta um raunverulega merkingu setninga. Einungis var notast við þá málaflokka sem höfðu að geyma skýra og ólíka stefnu, hjá að minnsta kosti tveimur stjórnmalaflokkum. Ef óvissa ríkti um stefnu stjórnmalaflokks í ákveðnu málefni var sá flokkur undanskilinn í þeirri spurningu.

Svörunum voru gefin gildi á eftirfarandi hátt:

- 2 stig fyrir valmöguleikann *mjög sammála* fyrir þá stjórnmalaflokka sem við töldum vera fylgjandi viðkomandi fullyrðingu
- 1 stig fyrir valmöguleikann *sammála* fyrir þá stjórnmalaflokka sem við töldum vera fylgjandi viðkomandi fullyrðingu
- 0 stig fyrir valmöguleikann *engin skoðun*
- 1 stig fyrir valmöguleikann *ósammála* fyrir þá stjórnmalaflokka sem við töldum mótfallna viðkomandi fullyrðingu
- 2 stig fyrir valmöguleikann *mjög ósammála* fyrir þá stjórnmalaflokka sem við töldum mótfallna viðkomandi fullyrðingu

Til þess að fá út þær prósentutölur sem ætlað var að ákvarða fylgni við tiltekinn flokk eru heildarstig þátttakanda lögð saman. Þeim stigum var síðan deilt með heildarstigum sem viðkomandi flokkur hafði kost á að fá ef hann/hún hefði verið fullkomlega sammála þeim stjórnmalaflokki í öllum þeim malaflokkum sem sá flokkur á kost á að fá stig í.

Tökum sem dæmi spurningu nr.1: „*Stóriðja er íslensku samfélagi til framdráttar*” Samkvæmt okkar mati er Sjálfstæðisflokkurinn sammála þessari fullyrðingu. Svarandi fær þá 1 stig hjá Sjálfstæðisflokknum fyrir að vera sammála en 2 fyrir að vera mjög sammála. Einnig töldum við Framsóknarflokkinn vera fylgjandi fullyrðingunni⁵⁷ og því er stigagjöfin með sama hætti. Vinstri-græna töldum við hinsvegar mótfallna fullyrðingunni og því fær svarandi 1 stig fyrir að vera ósammála henni en 2 stig fyrir að vera mjög ósammála. Okkur kom saman um að stefnur hinna flokkanna, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin, væru ekki nægilega skýrar í þessum malaflokki til þess að eigna þeim afstöðu. Þar af leiðandi fá þeir engin stig í þessari spurningu.

Gefum okkur nú að svarandi sé sammála fullyrðingunni og að þetta sé eina spurningin í könnuninni. Niðurstaðan sem svarandinn fengi væri þá 50% stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn, 50% stuðningur við Framsókn en 0% fyrir alla hina flokkana. Hefði hann verið mjög sammála, væri stuðningur svaranda 100% við flokkana tvo en 0% við hina þrjá.

⁵⁷ Sjá nánari rökstuðning í kafla 5.1.1

Þegar gerð könnunarinnar var lokið voru sextán flokksbundnir einstaklingar látnir taka könnunina. Þrettán þeirra höfðu mesta fylgi við sinn flokk og þótti okkur það því gefa til kynna að einhver marktækni væri til staðar. Taka skal fram að markmið rannsóknarinnar var fyrst og fremst að greina stefnuskrár flokkanna og hanna handhægt sjálfspróf út frá þeim. Upplýsingum var og verður ekki safnað um niðurstöður einstakra þátttakenda enda var tilgangur verkefnisins ekki að kanna fylgni fólks við einstaka flokka.

5.1 Spurningar úr völdum málaflokkum og rökstuðningur

Eftirfarandi kafli er unninn úr stefnuskrám stjórn málaflokkanna sem sóttar voru af heimasíðum þeirra. Stefnur flokkanna var ýmist að finna í stefnuskrám eða ályktunum af flokksþingum.

Hér á eftir verður farið í hverja spurningu fyrir sig og greint hvaða afstöðu hver flokkur tekur í hverjum málaflokki. Hægt er að finna töflur þar sem greint verður frá gildi hvers svars í viðauka.

Könnunin var uppfærð 17. Apríl 2007. Engar breytingar höfðu átt sér stað sem breytir þessum rökstuðningi. Íslandshreyfingin var hinsvegar tekin með í þetta skiptið og einni spurningu bætt við um innflytjendamál.

5.1.1 Umhverfismál

„Stóriðja er íslensku samfélagi til framdráttar“

Framsóknarflokkur: „Kannað verði með hvaða hætti auka má hlut íslenskra framleiðsluafurða í aðföngum stóriðjufyrirtækja og hvaða innlenda framleiðslu má byggja á afurðum stóriðjunnar.“⁵⁸ Þar sem að Framsóknarflokkurinn vill kanna með hvaða hætti megi auka hlut íslenskra framleiðsluafurða í aðföngum stóriðjufyrirtækja teljum við að hann sé sammála fullyrðingunni. Hann fær því gildið 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Frjálslyndi flokkurinn: „Endurskoða þarf áætlanir og hugmyndir um virkjanir fallvatna í samræmi við breytt sjónarmið í umhverfismálum. Ekki er lengur sjálfgefið

⁵⁸ Ályktanir flokksþings 2005. Framsóknarflokkurinn.
http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Fflokkesthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=126896 . Skoðað 1.12.06

að raforkuframleiðsla með slíkum virkjunum sé hagkvæmasti kostur þjóðarinnar, til lengri tíma litið, enda mælir þjóðin hagkvæmni slíkra framkvæmda ekki lengur í krónum einum.”⁵⁹ Frjálslyndir eru hér á báðum áttum og styðja hvorki né afneita frekari stóriðju. Við teljum okkur því ekki geta fundið skýra afstöðu hjá honum og fær hann því ekkert gildi í þessari spurningu.

Samfylkingin: „Í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar er tímabært að Íslendingar skipti um gír, tryggi jafnræði atvinnugreina og byggji skipulega upp atvinnulíf framtíðarinnar þar sem náttúrugæði landsins eru nýtt með sjálfbærum hætti. Samfylkingin leggur til að við núverandi aðstæður verði frekari stóriðjuáformum slegið á frest. Nú þarf áhersla á hátækni- og þekkingariðnað að haldast í hendur við nýsköpun í ferðaþjónustu og hefðbundnu atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði.”⁶⁰ Þrátt fyrir að Samfylkingin vilji slá stóriðjuáformum á frest í bili þá er ekki hægt að sjá að hún útiloki þær algerlega. Þess vegna fær Samfylkingin ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkur: „Stefna ber að því að hér dafni fjölbreyttur og öflugur iðnaður, almennur iðnaður, stóriðja og hátækni iðnaður, sem skili eigendum sínum arði og þjóðfélaginu verulegum ávinningi.”⁶¹ Sjálfstæðisflokkurinn telur að stóriðja skili þjóðfélaginu verulegum ávinningi og er því sammála fullyrðingunni. Hér er gildið því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Vinstri grænir: „Flokkurinn telur að farsælli sambúð manns og náttúru á Íslandi sé fólgin í sjálfbærri orkustefnu. Þeir telja nýtingu orkulindanna vera mikilvæga og nauðsynlega en stóriðja og stórvirkjanir sem ganga á náttúruna séu andstæð sjálfbærri þróun. Í ljósi þess beri að stefna að því að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi, jafnhliða því sem dregið verði úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Minnst þeir á að í mörgum tilvikum geti smávirkjanir til

⁵⁹ Umhverfismál. Frjálslyndi flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=4&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

⁶⁰ Fagra Ísland-Rammaáætlun um náttúruvernd. Samfylkingin. <http://xs.is/Forsida/Stefnan/FagraIsland/> . Síða sótt 1.12.06.

⁶¹ Landsfundarályktanir. Sjálfstæðisflokkurinn. http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160589 . Síða sótt 1.12.06.

staðbundinna nota verið vænlegri kostur en stórvirkjanir.”⁶² Stóriðja gengur á íslenska náttúru samkvæmt Vinstri grænum og þess vegna teljum við þá vera ósammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög ósammála* og 1 fyrir *ósammála*.

Íslandshreyfingin: „Við viljum hverfa frá stóriðjustefnunni og virkja alla í að skapa vistvænt, sjálfbært samfélag.”⁶³ Þar sem að Íslandshreyfingin vill hverfa frá stóriðjustefnunni þá teljum við að hún sé á ósammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög ósammála* og 1 fyrir *ósammála*.

5.1.2 Evrópusambandið

„Ísland á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið”

Framsóknarflokkurinn: „Á vettvangi Framsóknarflokksins skal halda áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöðu þeirrar vinnu skal bera undir næsta flokksþing - til kynningar.”⁶⁴ Framsóknarflokkurinn virðist vera opin fyrir umræðum um Evrópusambandið en það kemur ekki fram að þeir vilji hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Við teljum því stefnu þeirra ekki nógu afgerandi og því fær flokkurinn ekkert gildi í þessari spurningu.

Frjálslyndi flokkurinn: „Gengið verði hið fyrsta úr skugga um hvaða staða Íslandi býðst í samstarfi Evrópulanda með tilliti til auðlinda landsins sérstaklega. Sé þess kostur að tryggja hagsmuni landsins nægjanlega í þeim efnum er einsætt að ganga til samstarfs svo fljótt sem kostur er. Ófrávíkjanleg krafa Íslendinga í því sambandi er full eignarráð þeirra yfir íslenskri fiskveiðilandhelgi.”⁶⁵ Frjálslyndir eru ekki óhlyntir Evrópusambandinu en þeir leggja ofuráherslu að vernda eignarráð íslendinga yfir fiskveiðilandhelginni og það stendur hvergi að reyna eigi á aðildarviðræður. Þess vegna fá Frjálslyndir ekkert gildi í þessari spurningu.

⁶² Umhverfi og náttúra. Vinstrihreyfingin-grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6203 . Síða sótt 1.12.06.

⁶³ <http://islandshreyfingin.is/?i=3>

⁶⁴ Utanríkismál. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Fflokkesthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=127083 . Síða sótt 1.12.06.

⁶⁵ Utanríkismál. Frjálslyndi flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=5&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

Samfylkingin: „Breiða samstöðu þarf að skapa meðal þjóðarinnar um samningsmarkmið sem látið verði reyna á í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Niðurstöðurnar verði lagðar undir þjóðaratkvæði.”⁶⁶ Samfylkingin talar um að reyna eigi á aðildarviðræður við Evrópusambandið og því teljum við Samfylkinguna vera sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Sjálfstæðisflokkurinn telur aðild að [Evrópu]sambandinu ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum er nú háttað.”⁶⁷ Sjálfstæðisflokkurinn hafnar aðild að Evrópusambandinu að svo stöddu og við teljum hann því vera ósammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Vinstri grænir: „Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að ESB réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar.”⁶⁸ Þar sem að Vinstri grænir telja að Íslendingar missi ákvörðunarrétt um málefni íslensku þjóðarinnar þá teljum við hann ósammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Íslandshreyfingin: Skýra afstöðu í þessum efnum er hvergi að finna í stefnu Íslandshreyfingarinnar. Hún fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

5.1.3 Varnir landsins

„Áframhaldandi samstarf við NATO eru grundvöllurinn í varnar- og öryggismálum Íslands”

Framsóknarflokkurinn: „Hornsteinn öryggis- og utanríkisstefnu Íslands er þátttaka landsins í Sameinuðu þjóðunum, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, Norðurlandaráði og Evrópusamstarfi.” „Staðið verði við tvíhliða varnarsamning Íslands og

⁶⁶Stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar 2005. Samfylkingin. <http://xs.is/Forsida/Stefnan/>. Síða sótt 1.12.06

⁶⁷Ályktun um utanríkismál. Sjálfstæðisflokkurinn. http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160897. Síða sótt 1.12.06.

⁶⁸Alþjóðamál. Vinstrihreyfingin grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6660. Síða sótt 1.12.06.

Bandaríkjanna.”⁶⁹ Framsóknarflokkurinn vill halda áfram varnarsamstarfi vestrænna þjóða og við teljum hann því sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Frjálslyndi flokkurinn: „Frjálslyndi flokkurinn vill að Ísland skipi sér áfram í raðir hins vestræna varnarbandalags, NATO, svo lengi sem þess er talin þörf fyrir okkur og þau ríki, sem við eigum samleið með.”⁷⁰Frjálslyndir vilja halda áfram þátttöku í NATO og því teljum við hann sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: „Öll þróun samskipta bendir til þess að í framtíðinni treysti Íslendingar varnar- og öryggissamstarf við Evrópuþjóðir fyrir milligöngu NATO eða með öðrum hætti. Ísland er nú þegar í nánu samstarfi við Evrópusambandið samkvæmt Schengensamningnum. Hið nána samstarf sem Ísland á við önnur Evrópuríki, m.a. vegna EES-samningsins, rennir stöðum undir þá skoðun að Ísland deili „öryggissamfélagi“ með Evrópu ekki síður og jafnvel fremur en Norður-Ameríku.”⁷¹ Samfylkingin vill halda áfram að leggja aukna áherslu á varnarsamstarf við Evrópu og þar með talið NATO. Við teljum því Samfylkinguna vera sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og samstarf Íslendinga við lýðræðisríki innan þess er og verður hornsteinn stefnu Íslands í varnar- og öryggismálum. Í ljósi nýrra ógna eru sameiginlegir öryggishagsmunir aðildarríkjanna síst minni en áður og mikilvægt að Íslendingar leggi sitt af mörkum í samstarfinu.”⁷² Aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu er hornsteinn í varnar- og öryggismálum Íslands og því teljum við Sjálfstæðisflokkinn vera sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

⁶⁹Utanríkismál. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Ffloksthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=127083 . Síða sótt 1.12.06.

⁷⁰Málefnafrá Landsþings 7.-8.mars 2003. Frjálslyndi Flokkurinn.

<http://xf.is/index.php?xf=14&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

⁷¹ Sjálfstæð utanríkisstefna. Samfylkingin. <http://xs.is/Forsida/Stefnan/Sjalfstaedutanrikisstefna/> . Síða sótt 1.12.06.

⁷²Ályktun um utanríkismál. Sjálfstæðisflokkurinn.

http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160897 . Síða sótt 1.12.06.

Afstaða Vinstri grænna: „Binda á enda á heretu í landinu og hverfa úr NATO”⁷³
Vinstri grænir eru harðir í andstöðu sinni við NATO og eru því ósammála
fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Íslandshreyfingin: „Á tímum alþjóðavæðingar er afar brýnt fyrir smáríki eins og
Ísland að vera aðili að alþjóðlegum stofnunum og sáttmálum sem tryggja öryggi,
mannréttindi og umhverfisvernd. Eins er brýnt að ástunda sjálfstæða utanríkisstefnu
sem tekur mið af hagsmunum okkar innan Sameinuðu þjóðana, NATO og ÖSE.”⁷⁴
Þar sem að Íslandshreyfingin telur að afar brýnt sé fyrir smáríki eins og Ísland að vera
aðili að alþjóðlegum stofnunum og sáttmálum til að tryggja öryggi, og minnst í því
sambandi á NATO, þá teljum við hana vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2
fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

5.1.4 Einkavæðing

„Áframhaldandi einkavæðing ríkisfyrirtækja er íslensku
samfélagi til hagsbóta”

Framsóknarflokkurinn: Skýra afstöðu í þessum efnum er hvergi að finna í stefnu
Framsóknarflokksins. Hann fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Frjálslyndi flokkurinn: „Flokkurinn aðhyllist frjálst markaðskerfi og hafnar
ríkisforsjá, þar sem því verður við komið.”⁷⁵ Frjálslyndi flokkurinn hafnar ríkisforsjá
þar sem því verður við komið og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni.
Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Enga skýra afstöðu er að finna í stefnuskrám Samfylkingarinnar. Hún
fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

⁷³ Alþjóðamál. Vinstrihreyfingin grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6660 . Síða sótt
1.12.06.

⁷⁴ <http://islandshreyfingin.is/?i=5&b=3,4&offset=&offsetplace=&expand=>

⁷⁵ Frjálslyndi flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=7> . Síða sótt 1.12.06.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Landsfundur fagnar árangursríkri einkavæðingu undanfarinna ára og telur að áfram þurfi að lágmarka afskipti ríkisins.”⁷⁶ Sjálfstæðisflokkurinn vill halda áfram að lágmarka afskipti ríkisins og teljum við hann því vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Vinstri grænir: „Einkavæðingarstefna seinasta áratugar hefur veikt og dregið úr almannajónustu, einkum í dreifðari byggðum þar sem þjónustan hefur hlutfallslega mestan kostnað í för með sér. Hætt er við að með frekari einkavæðingu almannajónustu muni starfsfólki enn fækka á þeim stöðum sem síst mega við.”⁷⁷ Einkavæðing veikir almannajónustu samkvæmt Vinstri grænum og því teljum við þá vera ósammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Íslandshreyfingin: Skýra afstöðu í þessum efnum er hvergi að finna í stefnu Íslandshreyfingarinnar. Hún fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

5.1.5 Menntakerfið

„Grunnnám í ríkisreknum háskólum á að vera gjaldfrjálst”

Framsóknarflokkurinn: „Allt grunnnám verði gjaldfrjálst í ríkisreknum háskólum.”⁷⁸ Af þessari setningu að dæma, í stefnuskrá Framsóknarflokksins, höfum við ályktað að hann sé sammála fullyrðingunni. Gildið hér er því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

⁷⁶ Ályktun um jafnréttismál. Sjálfstæðisflokkurinn.

http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160613 . Síða sótt 1.12.06.

⁷⁷ Jafnrétti, réttlæti og velferð. Vinstrihreyfingin grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6204 . Síða sótt 1.12.06.

⁷⁸ Menntamál. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Fflokstings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=126934 . Síða sótt 1.12.06.

Frjálslyndi flokkurinn: „Ríkisreknir háskólar eigi ekki að innheimta skólagjöld.”⁷⁹ Frjálslyndi flokkurinn telur að ríkisreknir háskólar eigi að vera gjaldfrjálsir og því teljum við þá sammála þessari fullyrðingu. Gildið hér er því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: „Samfylkingin telur að besta leiðin til þess að tryggja einstaklingum aðgang að góðri og öruggri menntun sé með því að ríki og sveitarfélög skuldbindi sig til þess að veita menntun í almenna skólakerfinu án gjaldtöku.”⁸⁰ Með því að tala um almenna skólakerfið teljum við að Samfylkingin sé að vísa í grunnnám í ríkisreknum háskólum. Þess vegna teljum við að Samfylkingin sé sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Landsfundur leggur til að nemendur við opinbera háskóla taki í auknum mæli þátt í kostnaði við nám sitt.”⁸¹ Þar sem að Sjálfstæðisflokkurinn talar um opinbera háskóla þá teljum við hann vera að vísa til allra háskóla, þar með talda ríkisrekna. Þess vegna teljum við Sjálfstæðisflokkinn vera ósammála fullyrðingunni. Gildið hér er því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Vinstri grænir: „Í ljósi hins samfélagslega ávinnings af háskólanámi er augljóst að það kemur samfélaginu til góða að sem flestir leggi stund á háskólanám. Ekki á að koma í veg fyrir eða hindra háskólanám einstaklinga með gjaldtöku af neinu tagi.”⁸² Af þessu má ráða að Vinstri grænir eru mótfallnir gjaldtöku í ríkisrekna háskóla og því teljum við þá sammála fullyrðingunni. Gildið hér er því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Íslandshreyfingin: „Skólagjöld verði ekki tekin upp í ríkisreknum háskólum”⁸³ Þar sem að Íslandshreyfingin vill ekki að skólagjöld verði tekin upp í ríkisreknum

⁷⁹ Málefnafrátt Landsþings 7.-8.mars 2003. Frjálslyndi Flokkurinn. <http://xf.is/index.php?xf=14&parent=1>. Síða sótt 1.12.06.

⁸⁰ <http://www.xs.is/Forsida/Stefnan/Landsfundur2005/Menntamal/>

⁸¹ Ályktun um skóla- og fræðslumál. Sjálfstæðisflokkurinn. http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160524. Síða sótt 1.12.06.

⁸² http://vg.is/default.asp?page_id=6205

⁸³ <http://islandshreyfingin.is/?i=3>

háskólum þá teljum við hana vera sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* og 1 fyrir *sammála*.

5.1.6 Kvótakerfið

„Taka þarf upp annað fiskveiðistjórnunarkerfi á Íslandi”

Framsóknarflokkurinn: „Að gerð verði heildarúttekt á kostum og göllum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og það borið saman við önnur stjórnkerfi fiskveiða, s.s. í Færeyjum, Noregi, Kanada og Evrópusambandinu.”⁸⁴ Af þessu er ekki hægt að álykta hvort að Framsóknarflokkurinn sé með eða á móti núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Hann fær því ekkert gildi í þessari fullyrðingu

Frjálslyndi flokkurinn: „Frjálslyndi flokkurinn hafnar með öllu núverandi útfærslu kvótakerfisins”⁸⁵ Frjálslyndi flokkurinn er á móti núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Hvorki í stefnu þeirra né landsþingsályktunum er hægt að finna neitt sem snýr að kvótakerfinu eða breytingum á fiskveiðistjórn. Samfylkingin fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Greinin þarfnast enn fremur stöðugleika í umhverfi sínu líkt og aðrar atvinnugreinar. Nauðsynlegt er að réttarstaða þeirra sem hafa fjárfest í greininni sé trygg. Verði ákvæði um þjóðareign á auðlindum sett í stjórnarskrá skal gæta jafnræðis varðandi allar auðlindir í þjóðareigu. Jafnframt skal kveðið á um rétt þeirra sem auðlindirnar nýta. Það er óviðunandi að búa við örar lagabreytingar og tilfærslur. Slíkt gerir stjórnendum erfitt fyrir við að greina langtímaáhættu, skapar óöryggi hjá starfsfólki og rýrir trú fjárfesta á greininni. Þá er mikilvægt að hið almenna opinbera stjórnskipulag sem tengist sjávarútvegi Íslendinga sé sem einfaldast

⁸⁴ Atvinna og efnahagur. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Ffloksthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=127068 . Síða sótt 1.12.06.

⁸⁵ Frjálslyndi flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=2&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

og skilvirkast.”⁸⁶ Þar sem Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki miklar tilfærslur í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi teljum við hann vera ósammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Vinstri grænir: „Vinstrihreyfingin - grænt framboð telur brýnt að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar og móta heildstæða sjávarútvegsstefnu”⁸⁷ Vinstri grænir eru ekki hrifnir af núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og því teljum við hann sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Íslandshreyfingin: Skýra afstöðu í þessum efnum er hvergi að finna í stefnu Íslandshreyfingarinnar. Hún fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

5.1.7 Heilbrigðismál

„Einkavæðing er æskileg í heilbrigðisgeiranum”

Framsóknarflokkurinn: „Rekstrarformum í heilsugæslunni hefur verið fjölgað til að styrkja þjónustuna og stuðla að hagkvæmni í rekstri og er nauðsynlegt að meta árangur reynslunnar af mismunandi rekstrarformum í heilsugæslunni þegar horft er til frekari uppbyggingar.”⁸⁸ Það er ekki hægt að meta út frá þessari málsgrein í stefnuskrá Framsóknarflokksins hvort að þeim finnist einkavæðing vera æskileg í heilbrigðisgeiranum. Hann fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Frjálslyndi flokkurinn: „Nýta þarf kosti einkaframtaks í heilbrigðisþjónustunni þar sem því verður við komið til að fjármunir almennings nýtist sem best. Það á ekki við

⁸⁶Landsfundarályktanir. Sjálfstæðisflokkurinn.

http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160514 . Síða sótt 1.12.06.

⁸⁷Sjálfbær nýting-sanngjörn skipti. Vinstrihreyfingin grænt framboð.
http://vg.is/default.asp?page_id=6774 . Síða sótt 1.12.06.

⁸⁸Fjölskyldumál. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Ffloksthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=127082 . Síða sótt 1.12.06.

um rekstur hátækisjúkrahúsa að mati Frjálslynda flokksins.”⁸⁹ Þar sem að Frjálslyndir tala um að nýta þurfi kosti einkaframtaks í heilbrigðisþjónustunni þá metum við það sem svo að þeir séu sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: „Jafn aðgangur að heilbrigðiskerfi og menntun óháð efnahag er forgangskrafa Samfylkingarinnar. Auka vægi einkareksturs, útboða og þjónustusamninga í heilbrigðisþjónustu þar sem markmið jafnaðarstefnunnar eru tryggð.”⁹⁰ Þar sem Samfylkingin talar um að auka eigi vægi einkareksturs í heilbrigðisgeiranum teljum við hana vera sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Gera hana skilvirkari og hagkvæmari með því að færa ýmis hefðbundin verkefni á sviði heilsugæslu, þjónustu við fatlaða, öldrunarþjónustu og sjúkrahúsþjónustu til einkaaðila, sjálfseignarstofnana, líknarfélaga og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna.”⁹¹ Sjálfstæðisflokkurinn vill færa ýmis svið heilsugæslunnar yfir til einkaaðila og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Vinstri grænir: „Einkavæðingarstefna seinasta áratugar hefur veikt og dregið úr almannaðjónustu, einkum í dreifðari byggðum þar sem þjónustan hefur hlutfallslega mestan kostnað í för með sér.....Jafnframt hafa verið innleiddir „sjúklingaskattar” í ýmsum myndum. Það hefur haft þær afleiðingar að tekjulægsta fólkið nýtir sér aðeins í mikilli neyð heilbrigðisþjónustuna vegna þess hvað hún kostar.”⁹² Vinstri grænir eru á móti einkavæðingarstefnu og því teljum við þá ósammála fullyrðingunni. Gildin hér eru því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

⁸⁹ Heilbrigðismál. Frjálslyndi flokkurinn. <http://www.xf.is/index.php?xf=3&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

⁹⁰Stefna Samfylkingarinnar. Samfylkingin. <http://xs.is/Forsida/Stefnan/> . Síða sótt 1.12.06.

⁹¹Ályktun um heilbrigðis- og tryggingamál. Sjálfstæðisflokkurinn. http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&cat_id=33124&ew_3_a_id=160623 . Síða sótt 1.12.06.

⁹² Jafnrétti, réttlæti og velferð. Vinstrihreyfingin grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6204 . Síða sótt 1.12.06.

Íslandshreyfingin: „hið opinbera sjái um rekstur heilbrigðisþjónustu en nýta ber kosti einkaframtaksins þar sem því verður við komið”⁹³ Þar sem að Íslandshreyfingin telur að nýta beri kosti einkaframtaksins þar sem því verður við komið í heilbrigðisþjónustu þá teljum við hana vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *ósammála*.

5.1.8 Trúmál

„Aðskilnaður ríkis og kirkju yrði íslensku samfélagi til hagsbóta”

Framsóknarflokkurinn: „Framsóknarflokkurinn styður áframhaldandi öflugt starf þjóðkirkjunnar á nýrri öld.”⁹⁴ Framsóknarflokkurinn styður starf þjóðkirkjunnar og því teljum við hann vera sammála þessari fullyrðingu. Gildin eru því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Frjálslyndi flokkurinn: „Frjálslyndi flokkurinn er frjálslyndur í trúmálum og vill að öllum trúfélögum sé gert jafnhátt undir höfði. Þess vegna hefur flokkurinn lagt fram frumvarp um aðskilnað ríkis og kirkju og að tillaga um slíkan aðskilnaður verði borin undir þjóðina með þjóðaratkvæðagreiðslu.” Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram frumvarp þess eðlis að ríki og kirkja verði aðskilin og því teljum við hann vera ósammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Skýr afstaða er ekki til staðar. Samfylkingin fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkurinn: Skýr afstaða er ekki til staðar. Sjálfstæðisflokkurinn fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Vinstri grænir: Skýr afstaða er ekki til staðar. Vinstri grænir fá því ekkert gildi í þessari spurningu.

⁹³ <http://islandshreyfingin.is/?i=3>

⁹⁴ Manngildi ofar auðgildi. Framsóknarflokkurinn. http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Fflokkesthings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=125668 . Síða sótt 1.12.06.

Íslandshreyfingin: Skýra afstöðu í þessum efnum er hvergi að finna í stefnu Íslandshreyfingarinnar. Hún fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

5.1.9 Verslun með áfengi

„Gefa á verslun með léttvín og bjór frjálsa”

Framsóknarflokkurinn: Skýr afstaða er ekki til staðar. Framsóknarflokkurinn fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Frjálslyndi flokkurinn: Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur sölu léttvíns og bjórs í verslunum að uppfylltum skilyrðum um geymslu og sölu.⁹⁵ Frjálslyndir vilja sölu léttvíns og bjórs í verslunum og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Skýr afstaða er ekki til staðar. Samfylkingin fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkurinn: „Einkavæðingin hefur skilað íslensku viðskiptalífi og íslenskum neytendum miklum ávinningi. Viðskiptalífið er nú öflugra en nokkru sinni og aukin samkeppni hefur komið neytendum til góða, svo sem með hagstæðum vaxtakjörum á húsnæðislánamarkaði. Í næstu skrefum í þessa átt þarf að felast að ríkið dragi sig út úr verslunarrekstri á borð við ÁTVR og Fríhöfnina”⁹⁶ Sjálfstæðisflokkurinn vill að ríkið dragi sig út úr verslunarrekstri á borð við ÁTVR og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Vinstri grænir: Skýr afstaða er ekki til staðar. Vinstri grænir fá því ekkert gildi í þessari spurningu.

⁹⁵ Málefnaþingarskýrsla Landsþings 7.-8.mars 2003. Frjálslyndi Flokkurinn.
<http://xf.is/index.php?xf=14&parent=1>. Síða sótt 1.12.06.

⁹⁶ http://xd.is/stefna/landsfundaralyktanir/?ew_news_onlyarea=newsarea&ew_news_onlyposition=3&c&at_id=33124&ew_3_a_id=160629

Íslandshreyfingin: Skýra afstöðu í þessum efnunum er hvergi að finna í stefnu Íslandshreyfingarinnar. Hún fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

5.1.10 Landbúnaður

„Afnema á innflutningshöft á landbúnaðarvörum”

Framsóknarflokkurinn: „Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt þjóðfélag en fæðuöryggi þjóðarinnar byggist á því að hún sé sem mest sjálfri sér nóg í framleiðslu og ræktun matvæla.”⁹⁷ Þar sem að Framsóknarflokkurinn telur að aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum gæti haft alvarlega afleiðingar fyrir íslenskt þjóðfélag þá teljum við hann ósammála þessari fullyrðingu. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Frjálslyndi flokkurinn: „Aflétta þarf af landbúnaði hinu yfirgripsmikla miðstýringar-, hafta-, og kvótakerfi, sem greinin hefur búið við.”⁹⁸ Frjálslyndir telja að aflétta þurfi af landbúnaðinum því haftakerfi sem greinin hefur búið við og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Engin skýr afstaða er til staðar. Samfylkingin fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkurinn: Engin skýr afstaða er til staðar. Sjálfstæðisflokkurinn fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Vinstri grænir: „Ótakmarkaður innflutningur á niðurgreiddum landbúnaðarvörum gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan landbúnað.”⁹⁹ Þar sem að Vinstri grænir

⁹⁷ Atvinna og efnahagur. Framsóknarflokkurinn.

http://www.framsokn.is/stefnan/alyktanir%5Fflokstings%5F2005/?ew_news_onlyarea=Content2&ew_news_onlyposition=6&cat_id=25898&ew_6_a_id=127068 . Síða sótt 1.12.06.

⁹⁸ Heilbrigðismál. Frjálslyndi flokkurinn. <http://xf.is/index.php?xf=3&parent=1> . Síða sótt 1.12.06.

⁹⁹ Atvinnu og byggðamál. Vinstrihreyfingin grænt framboð. http://vg.is/default.asp?page_id=6206 . Síða sótt 1.12.06.

telja að ótakmarkaður innflutningur á landbúnaðarvörum gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan landbúnað. Því teljum við hann vera ósammála fullyrðingunni. Hér eru gildin því 2 fyrir *mjög ósammála* en 1 fyrir *ósammála*.

Íslandshreyfingin: „lækka tolla á landbúnaðarvörum m.a. til að efla samkeppni í landbúnaði og lækka afurðaverð til neytenda. Byrja skal á því að afnema tolla og viðskiptahöft af vistvænum og lífrænum landbúnaðarvörum.”¹⁰⁰ Þar sem að Íslandshreyfingin talar um að afnema tolla og viðskiptahöft á landbúnaðarvörum þá teljum við hana vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* en 1 fyrir *sammála*.

5.1.11 Innflytjendamál

„Takmarka á verulega innflutning verkafólks til Íslands.”

Framsóknarflokkurinn: Skýr afstaða er ekki til staðar. Framsóknarflokkurinn fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Frjálslyndi flokkurinn: „Frjálslyndi flokkurinn mun þó beita sér fyrir að undanþága sú, sem samið var um í EES-samningnum, varðandi innflutning verkafólks frá aðildarlöndum EES, verði nýtt og innflutningur takmarkaður, í samræmi við ákvörðun íslenskra stjórnvalda.”¹⁰¹ Frjálslyndi flokkurinn ætlar að beita sér fyrir því að innflutningur á erlendu verkafólki verði takmarkaður og því teljum við hann vera sammála fullyrðingunni. Gildin eru því 2 fyrir *mjög sammála* og 1 fyrir *sammála*.

Samfylkingin: Engin skýr afstaða er til staðar. Samfylkingin fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

Sjálfstæðisflokkurinn: Skýr afstaða er ekki til staðar. Sjálfstæðisflokkurinn fær því ekkert gildi í þessari spurningu.

¹⁰⁰ <http://islandshreyfingin.is/?i=3>

¹⁰¹ http://www.vefurinn.is/xf.is/default.asp?sid_id=30081&tre_rod=007|&tId=1

Vinstri grænir: Skýr afstaða er ekki til staðar. Vinstri grænir fá því ekkert gildi í þessari spurningu.

6.0 Niðurstöður

Markmið þessarar skýrslu var að skoða pólitíska hugmyndafræði íslenskra stjórnmalaflokka, skoða skýrleika upplýsinga um stefnur þeirra ásamt því að sníða handhægt verkfæri út frá stefnuskrám fyrir kjósendur. Byrjað var á að greina hina íslensku flokka út frá öðru en bara stefnuskrá þeirra. Takmarkið með því var að gefa almenna mynd af íslenskum stjórnmalaflokkum. Annars vegar voru þeir staðsettir á hægri-vinstri kvarðanum og hinsvegar greindum við þá einnig út frá flokkafjölskyldum von Beyme.

Áður en hafist var handa við að útbúa gagnvirku netkönnunina var rýnt vel í stefnuskrár og ályktanir flokksþinga stjórnmalaflokkanna. Annar möguleiki hefði verið að finna álíka verkfæri og styðjast ekki einungis við stefnuskrár flokkanna en rýna einnig í tillögur og frumvörp á alþingi, greinaskrif þingmanna, viðtöl við formenn flokkanna og svo framvegis. Skýrsluhöfundar ákváðu hinsvegar að takmarka sig við stefnuskrár og ályktanir. Hafa ber í huga að stefnur íslensku flokkanna eru ekki einungis skoðanir einstaklinga innan flokksins, stjórnarsamstarfs, eða aðila innan hans. Flokkarnir eru stór hópur fólks, með ólíkar áherslur, ólíkar skoðanir og forgangsröðun. Stefna flokkanna á að vera mótuð innan flokksins og samþykkt af flokksmönnum. Það sem kemur úr slíkum samþykktum er meðal annars að finna í stefnuskrám og ályktunum af landsfundum. Því má segja að stefnuskrárnar gefi frekar mynd af yfirlýstri stefnu flokksins sem breiðfylkingu og lýðræðislegum grundvelli til stefnumótunar flokksins.

Þegar stefnuskrár íslenskra flokka eru skoðaðar rennur það fljótlega upp fyrir manni að þær eru misítarlegar og misskýrar. Það er ljóst að þeir flokkar sem eru lengst til vinstri eða lengst til hægri af íslenskum flokkum skilgreina sig einna best og gefa

